

## 79. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 14. mars kl. 18:15 í kaffistofu Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson, Emil Guðbjörnsson, Þorbergur Bæringsson, Helgi B. Haraldsson og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

- 1) Deiliskipulagstillaga af verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu dags. 9.03.06.  
*Tillaga samþykkt í auglýsingu.*  
*Þorgrímur Kristinsson sat hjá undir lið eitt.*
- 2) Deiliskipulagstillaga við Nesveg /Hafnarsvæði dags. 10.03.06.  
*Tillaga samþykkt í auglýsingu.*
- 3) Þórir Thorlacius sækir um að byggja einbýlishús að Hjallatanga 24 samkvæmt teikningum frá teiknistofunni Klöpp dags. 17.02.06. Samtals 165,7 m<sup>2</sup>, 630,6 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr....*
- 4) Hinrik Hjartarson og Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfurgötu 32 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofur EK dags. febrúar 2006. Samtals 32,8 m<sup>2</sup>, 101,6 m<sup>3</sup>.  
*Samþykkt að grenndarkynna umsókn fyrir Silfurgötu 25, 27, 33 og 34.*
- 5) Víkurhverfið kynning.  
*Lagt fram til kynningar.*
- 6) Arnar Hreiðarsson sækir um fyrir hönd Nesbrauð ehf. á breytingu á lóðarstærð og bílastæðum að Nesvegi 1., samkvæmt bréfi dags. 6. mars 2006.  
*Nefndin samþykkir framlagða tillögu að breytingu á lóðarleigusamning og bílastæðum.*
- 7) Fyrirspurn frá Símoni Sturlusyni og Stefáni Björgvinssyni um að byggja tvö atvinnuhúsnaði að Hamraendum nr. 3, samkvæmt tillöguteikningum frá Verkfræðistofu EK, dags. mars 2006. Einnig er sótt um leyfi á jarðvegsframkvæmdum.  
*Samþykkt að grenndarkynna byggingarreiti á lóð. Samþykkt að veita heimild á jarðvegsframkvæmdum á lóð, á ábyrgð lóðarhafa .*
- 8) Skipavík ehf./Sævar Harðarson sækir um að byggja sumarhús að Arnarborg 6, samkvæmt teikn. frá Glámu /Kím, dags. 23.02.06. Samtals 101,1m<sup>2</sup>, 260,3m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr...*

9. Önnur mál.

9.a *Þorbergur Bæringsson spyr hvort teikningar hafi borist vegna breytinga á fjölgun gistirýma á Hótel Stykkishólmi.*

9.b *Gera þarf átak í að fjarlægja aflagða olíutanka í bænum.*

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:40.

Helgi Haraldsson (sign)

Þorbergur Bæringsson (sign)

Emil Þór Guðbjörnsson (sign)

Guðmundur Kristinsson (sign)

Þorgrímur Kristinsson (sign)

Gretar D. Pálsson (sign)

Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir (sign)